

Fimmtudaginn 16. desember 1993.

Nr. 295/1993. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Ó

(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.).

Bifreiðar. Banaslys.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. júní 1993 og krefst sakfellingar samkvæmt ákæru, ákvörðunar refsingar og sviptingar ökuréttar.

Ákærði krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Mál þetta varðar banaslys, sem varð á móts við hús nr. 65 og 67 við Hverfisgötu í Reykjavík laust eftir miðnætti aðfaranótt 11. október 1992. Myrkur var, slæm lýsing og rigning og yfirborð malbikaðrar götunnar slétt og blautt. Leigubifreiðarstjóri, sem vitni varð að aðdraganda slyssins, sá, hvar maðurinn, sem varð fyrir bifreið ákærða, fór skyndilega út á Hverfisgötuna frá syðri gangstétt og norður yfir götuna. Hann slapp naumlega við bifreið, sem ekið var á hægri akrein, en varð síðan fyrir bifreið ákærða, sem ekið var á vinstri akrein. Vitnið taldi, að mjög erfitt eða ókleift hefði verið fyrir ákærða að sjá til mannsins fyrr en örskömmu áður en hann hafnaði á bifreiðinni. Framburður þessi hefur stuðning af framburði tveggja farþega, sem voru í bifreið ákærða. Er ekki grundvöllur til að hnekkja sönnunarmati héraðsdóms. Verður við það að miða, að ákærði hafi ekki haft tök á að afstýra slysinu. Ósannað er, að ákærði hafi ekið of hratt miðað við aðstæður. Ber því að staðfesta hérðsdóm um sýknu ákærða og greiðslu málskostnaðar úr ríkissjóði.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, svo sem nánar greinir í dómSORði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Björns Ólafs Hallgrímssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 10. júní 1993.

Ár 1993, fimmtudaginn 10. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinsyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í máli nr. S-217/1993: Ákærvaldið gegn Ó, en málið var dómtekið 7. maí sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 30. mars 1993, á hendur „Ó,, Reykjavík, fæddum 1974, fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 11. október 1992 bifreiðinni R-71661 austur Hverfisgötu í Reykjavík á mótis við hús nr. 65 án nægjanlegrar aðgæslu og of hratt miðað við aðstæður, en vegurinn var blautur og háll og útsýn takmörkuð vegna myrkurs og regnúða, með þeim afleiðingum, að fyrir bifreiðinni varð Samúel Jóhann Kárason, fæddur 20. október 1952, sem þar gekk norður yfir götuna. Við þetta hlaut Samúel Jóhann svo mikla áverka á kvið, brjósthol og höfuð, að hann lést skömmu síðar.

Telst þetta varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. og 2. mgr., stafliði a, b og h, 36. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. nefndra umferðarlaga“.

— — —

Málsatvik.

Málsatvik eru í stuttu máli á þá leið, að aðfaranótt sunnudagsins 11. október 1992 varð Samúel Jóhann Kárason, fæddur 20. október 1952, fyrir bifreið á Hverfisgötu með þeim afleiðingum, að hann lést skömmu síðar. Samúel Jóhann var einn á ferð. Framburður vitna er ekki á einn veg um það, hvort Samúel Jóhann kom gangandi norður eða suður yfir Hverfisgötu, er hann varð fyrir bifreiðinni. Ákærði hefur borið, að hann hafi ekki séð til ferða Samúels Jóhanns og ekki haft tækifæri til að hemla og ekki vitað fyrr en Samúel Jóhann skall á bifreið ákærða. Ákærði kvað bifreið hafa verið ekið eftir hægri akrein Hverfisgötu lítillaga á undan bifreið ákærða. Vitni hafa borið, að Samúel Jóhann hafi skyndilega hlaupið út á Hverfisgötu og í veg fyrir þessar tvær bifreiðir, en hafnað á bifreið

ákærða. Ekki hefur tekist að hafa upp á ökumanni þessarar bifreiðar. Vitni hafa borið efnislega á sama veg og ákærði að þessu leyti. Undir dómsmeðferð málsins gáfu sig fram vitni, sem höfðu ekki verið yfirheyrð í frumrannsókn málsins hjá lögreglu, en svo sem rakið var, tókst ekki að hafa upp á ökumanni bifreiðarinnar, sem mun hafa verið ekið rétt á undan bifreið ákærða, er slysið varð.

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna.

Ákærði kom fyrir dóminn 29. apríl sl. Kvaðst ákærði hafa ekið bifreið sinni, R-71661, austur Hverfisgötu á þeim tíma, sem í ákæru greinir. Ákærði kvað aðstæður hafa verið svo sem í ákæruskjali greinir, en ákærði kveðst ekki vilja tjá sig um það, hvort vegur hafi verið háll. Ákærði kvað takmarkað útsýni hafa verið vegna myrkurs og regnúða á þessum tíma. Ákærði kvaðst ekki átta sig á ökuhraða bifreiðarinnar á þessum tíma. Kvaðst hann og ekki átta sig nákvæmlega á því, hvort Samúel Jóhann Kárason hefði lent á bifreið ákærða nákvæmlega á móts við hús nr. 65 við Hverfisgötu, eins og í ákæruskjali greinir.

Ákærði kvaðst hafa ekið bifreið sinni, svo sem að framan greinir, austur Hverfisgötu, og lýsti ákærði því svo, að nánast samhliða sinni bifreið hefði rauðri tvennra dyra fólksbifreið verið ekið í sömu átt. Ákærði kvaðst aldrei hafa séð til ferða Samúels Jóhanns Kárasonar og ekki vita, hvort Samúel Jóhann kom gangandi yfir Hverfisgötu frá norðurbrún eða úr suðri. Ákærði kvaðst ekki hafa haft tækifæri til að hemla, en fyrst séð Samúel Jóhann á framrúðu bifreiðar sinnar, og kvað ákærði sér hafa brugðið mjög við þetta. Ákærði kvaðst ekki átta sig á því, hvor bifreiðin, þ. e. bifreið ákærða eða rauða tvennra dyra bifreiðin, var frammar, er Samúel Jóhann lenti á bifreið ákærða, en bifreiðarnar hefðu að sögn ákærða nánast verið samsíða. Eftir að Samúel Jóhann lenti á bifreið ákærða, kvað ákærði bifreið sína hafa hafnað á ljósastaur. Ákærði kvað tvo kunningja sína hafa verið farþega í bifreiðinni framangreinda nótt, þ. e. Jakob Hrafnsson, sem hefði verið farþegi í fram-sæti bifreiðarinnar, og Karl D. Karlsson, sem hefði verið farþegi í aftursæti. Ákærði kvaðst ekki átta sig á því, hvar bifreið sín hefði verið stödd, er Samúel Jóhann lenti á henni, og breytti engu, þótt ákærði skoðaði nákvæmlega ljósmyndir og vettvangsupprætti meðal gagna málsins.

Er ákærði kom fyrir dóminn 7. maí sl., kvaðst hann minnst þess að hafa séð til ferða rauðrar tvennra dyra fólksbifreiðar, er sú bifreið hefði verið kyrrstæð á gatnamótum Hverfisgötu og Klapparstígs, en ákærði kvaðst ekki hafa þurft að nema staðar á þeim gatnamótum, heldur hægt á bifreið sinni, og grænt ljós hefði síðan komið á götuvatann og ákærði síðan getað ekið viðstöðulaust í austurátt og þá sigið eða ekið fram úr rauðu bifreiðinni. Eftir þetta kvaðst ákærði ekki hafa veitt þessari bifreið athygli.

Niðurstöður.

Svo sem rakið hefur verið, er framburður vitna ekki á einn veg um það, hvort Samúel Jóhann Kárason hafi komið gangandi norður yfir Hverfisgötu á þeim tíma, sem í ákæruskjali greinir, eða suður yfir götuna, en ákærði bar, að hann hefði ekki séð til ferða Samúels Jóhanns, fyrr en hann skall á bifreiðinni.

Vitnið Magnús Rúnar Magnússon kvaðst hafa séð til ferða Samúels og muna vel eftir því, að hann kom suður yfir götuna. Magnús kvaðst muna vel eftir klæðnaði Samúels, en svo sem rakið var, var Samúel klæddur á allt annan hátt en Magnús lýsti.

Vitnið Jóhann Árni Helgason kvaðst hafa dregið þá ályktun, að Samúel Jóhann hefði komið suður yfir götuna, þar sem Jóhann hefði haft frítt útsýni fram á götuna úr bifreið þeirri, er hann var í u. þ. b. 30 m fyrir aftan bifreið ákærða. Jóhann sá Samúel Jóhann því ekki fara út á götuna.

Vitnið Theodór Jónasson kvaðst þess fullviss, að Samúel Jóhann hefði komið suður yfir götuna, vegna þess að Theodór kveðst telja öruggt, að hann hefði séð til ferða manns, sem komið hefði sunnan megin frá yfir götuna, en Theodór kvaðst hafa horft stöðugt fram á veginn, þar sem hann var farþegi í framsæti bifreiðar, sem var 20 — 25 m fyrir aftan bifreið ákærða.

Bifreið sú, sem þeir Jóhann Árni og Theodór voru farþegar í, var einhverjum tugum metra fyrir aftan bifreið ákærða, er slysið varð, og því ekki öruggt, að þeir hafi séð til ferða manns, sem kom yfir götuna úr suðri. Þá hafa mennirnir alls ekki séð til Samúels Jóhanns, er hann fór út á götuna fyrir framan bifreið þá, sem var lítillga á undan bifreið ákærða, svo sem síðar verður vikið að.

Vitnið Gunnar Gunnarsson, ökumaður bifreiðarinnar, sem þeir Magnús Rúnar og Theodór voru farþegar í, var ekki vitni að atburðum, þar sem hann var að stilla útvarpstæki í bifreið sinni á þessari stundu.

Svo sem rakið var, er ekki öðrum til að dreifa, sem hafa borið, að Samúel Jóhann hafi komið suður yfir Hverfisgötu.

Dómurinn telur sannað með framburði vitnanna Jakobs Hrafnssonar, Karls D. Karlssonar og Péturs Guðlaugssonar, að Samúel Jóhann hafi komið norður yfir Hverfisgötu á þeim tíma, sem í ákæru greinir, og ástæða þess, að ákærði sá ekki til ferða Samúels Jóhanns, hafi verið sú, að bifreiðin á hægri akrein skyggði á.

Ákærða er gefið að sök að hafa ekið án nægjanlegrar aðgæslu og of hratt miðað við aðstæður. Sannað er með framburði ákærða, vitna og öðrum gögnum málsins, að vegurinn var blautur og háll og útsýn takmörkuð vegna myrkurs og regnúða.

Vitnið Eiríkur Pétursson rannsóknarlögreglumaður kom fyrir dóminn 20.

apríl sl., en Eiríkur gerði vettvangsupprátt af slysstað. Eiríkur kvað engin hemlaför hafa verið sjáanleg á vettvangi eftir slysið. Samkvæmt þessu er ekki unnt út frá hemlaförum að fullyrða neitt um ökuhraða ákærða, er atburður þessi varð. Ákærði kvaðst ekki átta sig á ökuhraðanum, er slysið varð. Hjá lögreglu bar ákærði, að hann hefði fylgt eftir bifreið þeirri, er var til hliðar við bifreið ákærða á þessari stundu, en þeirri bifreið hefði verið ekið á venjulegum ökuhraða, eins og ákærði komst að orði.

Vitnið Jakob Hrafnsson kvaðst giska á það, að ökuhraði hefði verið u. þ. b. 60 km á klst.

Vitnið Pétur Guðlaugsson, sem var í mjög góðri aðstöðu til þess að sjá það, sem fram fór, kvaðst giska á það, að bifreið ákærða hefði runnið u. þ. b. eina billengd, áður en hún stöðvaðist, og því taldi Pétur bifreiðina hafa verið á lítilli ferð.

Vitnið Magnús Rúnar Magnússon, sem kvaðst hafa ekið bifreið sinni rétt fyrir aftan bifreið ákærða, er slysið varð, kvaðst telja, að bifreið ákærða hefði verið ekið á svipuðum ökuhraða og sinni bifreið, 45 — 50 km.

Vitnið Magnús Jónsson kvaðst engin vélarhljóð hafa heyrt inn til sín, sem bentu til hraðaksturs eftir Hverfisgötu, en Magnús var staddur í húsi sínu nr. 65 við Hverfisgötu, er atburðurinn varð.

Vitnið Halldóra Guðlaug Helgadóttir kvaðst hafa talið bifreið ákærða hafa verið ekið inn Hverfisgötu á löglegum hraða.

Vitnið Páll Jónsson, sem staddur var á Frakkastíg og sá þaðan bifreið ákærða fara fram hjá, skömmu áður en slysið varð, treysti sér ekki til þess að nefna ökuhraða bifreiðar ákærða, en kvað bifreiðinni hafa verið ekið rösklega.

Vitnið Róbert Bjarnason lögreglumaður greindi frá því í lögregluskýrslu, að Jakob Hrafnsson hefði skýrt sér frá því á vettvangi, að bifreið ákærða hefði verið ekið á u. þ. b. 80 km hraða, er slysið varð, en svo sem rakið var, bar Jakob það fyrir dóminum, að ökuhraðinn hefði verið u. þ. b. 60 km á klst.

Vitnið Gunnar Gunnarsson kvaðst telja, að bifreið ákærða hefði verið ekið á 50 — 60 km hraða, er slysið varð.

Vitnið Jóhann Árni Helgason kvað bifreið Gunnars Gunnarssonar hafa verið ekið Hverfisgötu á 40 — 50 km hraða, en bifreið ákærða á undan og á töluvert meiri ferð.

Vitnið Theodór Jónasson kvað bifreið Gunnars Gunnarssonar hafa verið ekið Hverfisgötu á u. þ. b. 40 km hraða, en Theodór treysti sér ekki til að nefna ökuhraða bifreiðar ákærða, en taldi bifreiðinni hafa verið ekið of hratt miðað við aðstæður, eins og Theodór komst að orði.

Önnur vitni hafa ekki borið um ökuhraða bifreiðar ákærða, er slysið varð.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er ljóst, að ekkert verður full-
yrt um það, að ákærði hafi ekið umfram leyfilegan 50 km ökuhraða, er
slysið varð. Ákæran lýtur og ekki að því, að ákærði hafi ekið umfram
leyfilegan hámarkshraða í umrætt sinn. En með vísan til framburðar vitna,
sem rakinn hefur verið hér að framan, telur dómurinn sannað, að ökuhraði
ákærða hafi verið allt að 50 km á klst.

Slysið var tilkynnt lögreglu kl. 0.38 aðfaranótt 11. október sl. Í vottorði
veðurstofu segir, að skyggni í Reykjavík um miðnætti þessa nótt hafi verið
5 km.

Svo sem fram kemur á ljósmyndum, sem teknar voru á slysstað kl. 1.00
framangreinda nótt, er skyggni fram á veginn allgott og Hverfisgata upplýst
af götuljósum.

Í 1. mgr. 36. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 segir, að ökuhraða skuli
jafnan miða við aðstæður með sérstöku tilliti til öryggis annarra. Ökumað-
ur skal þannig miða hraða við gerð og ástand vegar, veður, birtu, ástand
ökutækis og hleðslu svo og umferðaraðstæður að öðru leyti. Hraði má
aldrei vera meiri en svo, að ökumaður hafi fullt vald á ökutækinu og geti
stöðvað það á þeim hluta vegar fram undan, sem hann sér yfir, og áður
en kemur að hindrun, sem gera má ráð fyrir.

Dómurinn telur, að ekki hafi verið sýnt fram á það, að ákærði hafi ekið
of hratt miðað við aðstæður og ekki hraðar en 50 km miðað við klst.,
en vikið var að skyggni á slysstað hér að framan.

Þá bar vitnið Pétur Guðlaugsson, að bifreið ákærða hefði runnið u. þ.
b. eina billengd, áður en hún stöðvaðist. Svo sem rakið var, hafa ákærði
og vitnin Jakob Hrafnsson, Karl D. Karlsson og Pétur Guðlaugsson borið,
að bifreið hafi verið ekið á hægri akrein rétt á undan bifreið ákærða, er
slysið varð.

Þá hefur vitnið Magnús Jónsson borið, að hann hafi séð til ferða tveggja
bifreiða á undan bifreið ákærða á þeirri stundu, er hann leit út um glugga
hússins nr. 65 við Hverfisgötu, og sá Magnús þá Samúel Jóhann velta eftir
gangstéttinni. Magnús kvað þessar bifreiðar hafa hægt ferðina, en síðan
verið ekið áfram.

Vitnin Gunnar Gunnarsson og Theodór Jónasson, sem voru í bifreið á
hægri akrein nokkrum tugum metra fyrir aftan bifreið ákærða, treystu sér
ekki til að fullyrða eða veittu ekki athygli, hvort bifreið hefði verið ekið
á hægri akrein lítillaga á undan bifreið ákærða, svo sem lýst er að
framan.

Dómurinn telur framburð vitnisins Magnúsar Rúnars Magnússonar ekki
traustan að þessu leyti.

Dómurinn telur með vísan til ofanritaðs sannað, að afstaða bifreiðar
ákærða og bifreiðar, sem ekið var eftir hægri akrein lítillaga á undan bifreið

ákærða, hafi verið svo sem ákærði bar og vitnin, sem getið var um hér að framan.

Ekki hefur tekist að hafa upp á öikumanni þessarar bifreiðar.

Sjónlína milli ákærða og þess staðar, þar sem Samúel Jóhann Kárason mun hafa staðið við syðri gangstéttarbrún Hverfisgötu, mun því hafa verið rofin af bifreiðinni á hægri akrein. Ákærði sá því ekki til ferða Samúels Jóhanns fyrr en á því augnabliki, er hann skall á bifreið ákærða. Hið sama á því við um Samúel Jóhann. Hann hefur trúlega ekki séð til ferða bifreiðar ákærða og því hlaupið út á götuna, svo sem vitnið Pétur Guðlaugsson bar, en Pétur horfði á slysið verða og aðdraganda þess, og kvað Pétur Samúel Jóhann hafa skyndilega hlaupið út á götuna og út í opinn dauðann, eins og Pétur komst að orði.

Framburður vitna ber með sér, að alls ekki er óhugsandi, að Samúel Jóhann hafi fyrst rekist í bifreiðina á hægri akrein, þótt líklegra sé, að hann hafi naumlega sloppið undan þeirri bifreið, en síðan hafnað á bifreið ákærða, svo sem vitnið Pétur Guðlaugsson bar.

Ákærði hefur samkvæmt þessu ekki haft neitt tækifæri til að hemla og bregðast við þessu, enda gat ákærði ekki gert ráð fyrir manni, sem skyndilega stykki í veg fyrir bifreið hans, svo sem lýst hefur verið. Dómurinn telur því ekki sannað, að ákærði hafi ekið án nægjanlegrar aðgæslu á þeim tíma, er í ákæru greinir.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, telur dómurinn, að ákærða verði ekki um kennt, hvernig fór, og ber því með vísan til alls framanritaðs að sýkna ákærða af öllum kröfum ákæruvalds í málinu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ. m. t. 80.000 kr. í málsvarnarlaun til Björns Ólafs Hallgrímssonar hæstaréttarlögmanns.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ó, er sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds í máli þessu. Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ. m. t. 80.000 kr. í málsvarnarlaun til Björns Ólafs Hallgrímssonar hæstaréttarlögmanns.
